



Fundur í Fræðslunefnd

32. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þriðjudaginn 31. október og hófst kl. 14. 00

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir og Kristinn Lárusson, Svala ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál. Fundargerð færð í trúnaðarbók.

Hlé gert á fundi. Inn á fundinn komu Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Sóley Indriðadóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir og Elías Pétursson.

2. Meirihluti sveitarstjórnar mætti ásamt sveitarstjóra til að sitja fyrir svörum varðandi nýbyggingu leikskóla. Fræðslunefnd hafði óskað eftir fundi með sveitarstjórn og Kristinn gerði athugasemd við að ekki væri öll sveitarstjórn boðuð á fundinn. Farið yfir stöðu mála og nokkrar umræður fóru fram. Fræðslunefnd boðið formlega á næsta sveitarstjórnarfund.

Fundargerð lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16